

Morgunverðarfundur RannUng 4. apríl 2025 - Ágrip

Dr. Robert Lecusay, dósent við Stokkhólmsháskóla

Leikur og félagsleg sjálfbærni

Þetta erindi fjallar um möguleg tengsl milli félagslegs þykjustuleiks og félagslegrar sjálfbærni í leikskólastarfi. Fyrst er litið yfir rannsóknir á því hvernig félagsleg sjálfbærni og menntun til félagslegrar sjálfbærni eru skilgreind í leikskólastarfi. Á grundvelli þessara skilgreininga er kannað hvort og hvernig félagslegur þykjustuleikur stuðli að samskiptum, þátttöku og tengslum sem samræmast félagslegri sjálfbærni. Að lokum er leikheima-aðferðin kynnt þar sem börn og fullorðnir leika saman út frá sameiginlegum frásögnum og fagurfræðilegri upplifun, sem hugsanlegt samhengi til að styðja félagslega sjálfbærni í leikskólastarfi. Í gegnum þessa umfjöllun er boðið upp á umræðu um hlutverk leiks í að móta leikskólamenntun í þágu félagslegrar sjálfbærni.

Social Pretend Play and Social Sustainability in Early Childhood Education: An Exploratory Inquiry

This talk explores potential connections between social pretend play and social sustainability in early childhood education. It begins with a survey of research on how social sustainability and education for social sustainability are conceptualized in early childhood education and care (ECEC). Building on these definitions, I examine whether and how social pretend play fosters forms of interaction, engagement, and relationships that align with social sustainability. Finally, I introduce the Playworlds pedagogy—a structured form of joint adult-child play centered on shared narratives and aesthetic experiences—as a potential context for supporting social sustainability in ECEC. Through this exploration, I invite discussion on the role of play in shaping early childhood education for social sustainability.

Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Leikmenning leikskóla

Í erindinu er fjallað um mikilvægi leikmenningar í leikskólastarfi og hlutverk stjórnenda í að styðja, efla og viðhalda henni. Rætt er hvernig stjórnendur tryggja að allt starfsfólk skilji gildi leiks og innleiði hann í menningu leikskólans með markvissum aðgerðum. Fjallað er um leiðir til að hvetja kennara til virkrar þátttöku í leik barna og hvernig skapa má rými og tíma fyrir leikinn. Jafnframt er lögð áhersla á skráningu leiks og hlutverk hennar í faglegru umræðu. Að lokum eru áskoranir og tækifæri í þróun leikmenningar greind, með áherslu á framtíðarsýn þar sem leikur er lykilþáttur í leikskólastarfi.

Auður Ævarsdóttir, leikskólastjóri Ægisborgar

Sameiginlegir leikheimar barna og leikskólakennara

Erindið fjallar um hvernig sameiginlegir leikheimar, skapaðir af kennurum og börnum, stuðla að sköpun, námi, félagslegri þátttöku og sjálfbærni í leikskólum. Lögð er áhersla á hvernig kennarar geta með virkum hætti tekið þátt í leik barna til að efla samskipti, styrkja tengsl og skapa innigildandi námsumhverfi. Niðurstöður benda til að sameiginlegur leikur kennara og barna styðji við félags- og tilfinninganám barna og sjálfræði og styrki tengsl kennara og barna. Mikilvægt er að finna jafnvægi milli kennarastýrðs og sjálfsprotts leiks. Þá er rætt um mikilvægi sterkrar leikmenningar og hlutverk stjórnenda í að koma á og viðhalda henni. Verkefnið hlaut hvatningarverðlaun Skóla- og frístundasviðs árið 2025.

Dr. Svava Björg Mörk, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Samantekt og tenging við Handbók um leikinn

Umræður dagsins tengdar við helstu áherslur Handbókar um leikinn.